

Umsögn dómnefndar

samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla
um umsækjendur um skipun í embætti dómara með fyrsta starfsvettvang
við Héraðsdóm Reykjaness, sem auglýst var laust til umsóknar í
Lögbirtingablaði 15. nóvember 2024.

Reykjavík, 27. janúar 2025

EFNISYFIRLIT

1. Umsækjendur	2
2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á.....	2
3. Um málsmeðferð dómnefndar	4
4. Almennar upplýsingar um umsækjendur.....	5
5. Mat á hæfni umsækjenda.....	9
5.1. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi	9
5.2. Menntun og framhaldsmenntun	10
5.2.1. Menntun og framhaldsmenntun - samanburður.....	10
5.3. Reynsla af dómstörfum.....	10
5.3.1. Reynsla af dómstörfum - samanburður	11
5.4. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum	11
5.4.1. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum – samanburður.....	11
5.5. Reynsla af stjórnsýslustörfum.....	12
5.5.1. Reynsla af stjórnsýslustörfum – samanburður	13
5.6. Reynsla af fræðistörfum o.fl.....	13
5.6.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf.....	13
5.6.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður	14
5.6.2. Fræðibækur og -greinar o.fl.....	14
5.6.2.1. Fræðibækur og -greinar o.fl. – samanburður	15
5.7. Reynsla af stjórnun	15
5.7.1. Reynsla af stjórnun – samanburður.....	16
5.8. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.....	16
5.8.1. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. – samanburður.....	17
5.9. Sérstök starfshæfni.....	17
6. Færni umsækjenda til að semja dóma.....	18
7. Niðurstaða dómnefndar	20

1. Umsækjendur

Með bréfi 6. desember 2024 fór dómsmálaráðuneytið þess formlega á leit við dómnefnd samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um setningu í embætti héraðsdómara sem auglýst var laust til umsóknar 15. nóvember 2024 í Lögbirtingablaði.

Eftirtaldir sóttu um embættið: Arndís Anna Kr. Gunnarsdóttir lögmaður, Jónas Þór Guðmundsson lögmaður og Sindri M. Stephensen dósent og settur héraðsdómari.

Samkvæmt 3. gr. reglna nr. 970/2020 um störf dómnefndar lætur dómsmálaráðherra staðreyna að umsækjendur uppfylli öll hin almennu hæfisskilyrði embættanna sem auglýst voru laus til umsóknar. Niðurstaða ráðuneytis dómsmála er sú að umsækjendur uppfylli allir þau skilyrði.

Umsögn dómnefndar fer hér á eftir.

2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 skal dómnefnd láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti dómara. Skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið en heimilt er að setja two eða fleiri umsækjendur jafna.

Págildandi lögum nr. 15/1998 um dómstóla var breytt með lögum nr. 45/2010. Í athugasemendum við þá málsgrein síðargreindu laganna, er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, sbr. nú 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016, segir meðal annars svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnsýslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði

frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðirita, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf dómnefndar. Dómsmálaráðherra hefur sett reglur nr. 970/2020 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti, en þær komu í stað eldri reglna um sama efni, nr. 620/2010. Í 4. gr. hinna nýju reglna er á sama hátt og í 4. gr. þeirra eldri fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á. Þar segir meðal annars: „Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnraði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnaalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hlíðsjón af menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi ... Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórnsýslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og viðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám ... Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til viðtækrar þáttöku í félagsstarfi ... Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti ... Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnad þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi ... Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um

að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.”

Í almennum athugasemdu við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breytingu á lögum nr. 15/1998, er áréttar að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnsýslulögum nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ennfremur er þar minnt að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvárdanir um skipun og starfsframa dómara skuli byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi.

Dómnefnd hefur áður fjallað um í umsögnum sínum hvaða merkingu beri að leggja í þau ummæli 4. gr. reglnanna „að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu“ og tekið fram að þetta matsviðmið sé ekki einfalt í meðfórum. Einnig að fjölbreytt starfsreynsla umsækjanda geti aukið lögfræðilega þekkingu hans, en slíkt sé þó ekki endilega raunin. Sú ályktun hefur verið dregin af athugasemdu með frumvarpi, er varð að lögum nr. 45/2010, að megináhersla sé þar lögð á lögfræðilega þekkingu umsækjandans. Með fjölbreytttri starfsreynslu sé átt við fjölbreytileika starfa, sem umsækjendur hafa sinnt, en ekki síður hve verkefnin, sem þeir hafa fengist við, séu fjölbreytileg í þeim skilningi að þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Þá skiptir lögfræðileg þekking umsækjanda ekki máli, ein og sér, þegar mat er lagt á hæfni hans til að gegna embætti dómara í samanburði við aðra umsækjendur, heldur er einnig nauðsynlegt, eftir því sem tök eru á, að meta færni hans til að nýta þá þekkingu við úrlausn dómsmála.

3. Um málsmáðferð dómnefndar

Dómnefndina skipuðu eftirtaldir við meðferð málss þessa: Ása Ólafsdóttir, formaður, Helga Melkorka Óttarsdóttir, Kjartan Bjarni Björgvinsson, Reimar Pétursson og Þorgeir Örlygsson. Umsækjendum var sent tölvubréf 10. desember 2024 þar sem óskað var eftir því að þeir gerðu athugasemdir við sérstakt hæfi

framangreindra nefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu fram athugasemdir við sérstakt hæfi nefndarmanna.

Fyrsti fundur dómnefndar var haldinn 9. desember 2024. Samkvæmt 10. gr. reglna nr. 970/2020 reiknast sex vikna afgreiðslufrestur nefndarinnar frá þeim degi, en þar er jafnframt tekið fram að sá frestur geti orðið lengri ef sérstakar ástæður valda því, svo sem mikill fjöldi umsækjenda o.þ.h.

Í framangreindri auglýsingu frá 15. nóvember 2024 var meðal annars áskilið að fram kæmu í umsóknum um dómaraembætti upplýsingar um two fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Vegna þess að skammt var liðið frá því að dómnefnd lagði mat á hæfni *Sindra M. Stephensen*, sbr. umsögn nefndarinnar 21. mars 2024, og hann gaf upp sömu umsagnaraðila og í það skipti voru þær umsagnir lagðar til grundvallar að hans ósk.

Dómnefnd átti viðtöl við umsækjendur 17. desember 2024.

Samkvæmt 8. gr. reglna nr. 970/2020 voru umsækjendum send drög að umsögn dómnefndar með tölvubréfum 17. janúar 2025, þar sem þeim var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau til 22. sama mánaðar. Þess var sérstaklega farið á leit í bréfinu að fram kæmi svo fljótt sem kostur væri hvort umsækjendur hygðust gera athugasemdir og þær yrðu þá sendar sem fyrst. Að ósk eins umsækjanda var fyrrgreindur frestur til að gera athugasemdir við drögin lengdur til 23. janúar 2025. Athugasemdir bárust frá tveimur umsækjendum og voru vegna þeirra gerðar minni háttar breytingar á fyrirliggjandi drögum að umsögn.

4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður gerð grein fyrir menntun og reynslu umsækjenda, en 5. kafli hefur að geyma mat dómnefndar á hæfni umsækjenda og viðmið á grundvelli þeirra meginþjónarmiða sem reifuð voru í 2. kafla. Upplýsingarnar í þessum köflum eru fyrst og fremst byggðar á umsóknum umsækjenda. Ekki er greint frá öllu því, sem þeir hafa talið þar upp, heldur verður í mati þessu almennt getið helstu starfa og viðfangsefna er þeir hafa sinnt að loknu laganámi, auk þess sem leitast hefur verið við að gæta samræmis þeirra á milli þegar gerð er grein fyrir þessum atriðum.

Arndís Anna Kr. Gunnarsdóttir er fædd 3. febrúar 1982 og er því 42 ára. Hún lauk BA-prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2007 og síðan meistaraprófi árið 2009 frá sama skóla. Árið 2013 útskrifaðist hún með LL.M gráðu í mannréttindum og Evrópuréttu frá KU Leuven í Belgíu og lagði stund á doktorsnám við lagadeild Háskólans í Strassborg í Frakklandi á árunum 2017-2021. Hún öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi í maí 2010. Að loknu lagaprófi hóf umsækjandinn störf sem fulltrúi á lögmannsstofu til ársins 2011. Þá tók hún við stöðu yfirlögfræðings á Barnaverndarstofu í afleysingum í eitt ár og í framhaldi af því í afleysingu sem sérfræðingur í útlendingamálum í innanríkisráðuneytinu frá 2011-2012. Hún átti sæti í kærunefnd greiðsluaðlögunarmála á árunum 2010-2014. Umsækjandinn starfaði sem lögmaður með rekstri eigin stofu í skamman tíma á árunum 2014 og 2021 og starfar nú sjálfstætt sem lögmaður. Hún starfaði hjá Samgöngustofu í sex mánuði 2013-2014 og hóf störf hjá Rauða krossinum sama ár þar sem hún starfaði sem lögfræðingur í málefnum hælisleitenda til ársins 2020. Umsækjandinn var kjörin til setu á Alþingi árið 2021 og var alþingismaður til ársins 2024. Þá starfaði hún sem aðstoðarmaður fulltrúa Alþingis á þingi Evrópuráðsins og formanns laga- og mannréttindaneftnar Evrópuráðsþingsins samhliða doktorsnámi á árunum 2018-2019. Umsækjandinn var aðstoðarkennari í réttarheimspeki við Háskóla Íslands árið 2008 og gestakennari í flóttamannarétti við Háskólann í Reykjavík 2016-2021, auk þess hefur hún verið leiðbeinandi með meistararitgerðum og prófdómari við lagadeild Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Auk fyrrgreindra kennslustarfa hefur umsækjandinn flutt fræðilega fyrirlestra á ýmsum vettvangi, fyrst og fremst á sviði mannréttinda, mannúðarréttar og flóttamannaréttar, meðal annars á vegum utanríkisráðuneytisins og Rauða krossins á Íslandi. Umsækjandinn hefur skrifað þrjár ritrýndar greinar á sviði lögfræði auk þess sem hún hefur birt eina óritrýnda grein. Þá hefur umsækjandinn starfað í kosningum á Íslandi, í sveitastjórnarkosningum 2006 og 2014, forsetakosningum 2016 og 2020 og í alþingiskosningum 2016, 2017 og 2024.

Jónas Þór Guðmundsson er fæddur 11. maí 1968 og er því 56 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1995. Árið 1997 öðlaðist hann réttindi til málflutnings í héraði og árið 2009 leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti. Umsækjandinn öðlaðist löggildingu til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu

árið 2015. Að loknu embættisprófi var hann löglærður fulltrúi á lögmannsstofu um nokkurra mánaða skeið þar til hann varð kennslustjóri við lagadeild Háskóla Íslands á árunum 1995-1997. Hann starfaði sem lögfræðingur á lagasviði dóms- og kirkju-málaráðuneytisins 1998-1999 en frá þeim tíma hefur hann verið sjálfstætt starfandi lögmaður á eigin lögmannsstofu, fyrst um sinn í samstarfi við aðra. Í mars 2023 var umsækjandinn skipaður í embætti varadómanda við Endurupptökudóm. Hann sat í kjararáði á árunum 2006-2018, þar af sem formaður 2014-2018. Á árunum 2014-2024 var hann stjórnarformaður Landsvirkjunar. Árið 2021 var hann skipaður formaður matsnefndar samkvæmt lögum nr. 61/2001 um lax- og silungsveiði. Á árunum 1995-2005 var hann stundakennari í almennri lögfræði og kröfurétti við lagadeild Háskóla Íslands, auk þess að vera settur prófdómari við deildina. Þá var hann aðjúnkt við lagadeild Háskólans í Reykjavík 2005-2012 og kenndi þar kauparétt. Einnig hefur hann annast kennslu á námskeiðum til löggildingar verðbréfamiðlara hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands 1997-2002 og til löggildingar fasteigna-, skipa- og fyrirtækjasala 1995-2002. Umsækjandinn hefur skrifað ritryndan bókarkafla og ritdóm um fræðirit, svo og 14 pistla um lögfræðileg málefni sem birtust í Lögmannablaðinu. Ennfremur hefur hann haldið fyrirlestra um lögfræðileg efni. Af öðrum störfum má nefna að hann hefur verið ritari ýmissa nefnda, sem unnið hafa að endurskoðun laga, þ. á m. var hann ritari refsíréttarnefndar 1998-1999. Jafnframt var hann skipaður af viðskiptaráðherra í nefnd til að vinna að móturn lagaramma um rafrænar undirskriftir 1999-2000. Umsækjandinn var oddviti yfirkjörstjórnar Suðvesturkjördæmis 2007-2016 og átti sæti í almannavarnanefnd Hafnarfjarðar 2010-2014. Þá sat hann í stjórn Hollvinafélags lagadeilda Háskóla Íslands 1998-2001 og í stjórn Viðskiptaráðs Íslands 2020-2022. Hann var í stjórn Lögmannafélags Íslands 2010-2015, þar af sem formaður 2012-2015.

Sindri M. Stephensen er fæddur 20. maí 1989 og er því 35 ára. Hann lauk BA-prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2012 og síðan meistaraprófi í maí 2014 frá sama skóla. Hann lauk Mag. jur. gráðu frá Oxford háskóla 2017 og útskrifaðist 2019 með diplómu í opinberri stjórnsýslu frá stjórnþáfræðideild Háskóla Íslands. Þá hefur hann sótt ýmis námskeið hérlandis og erlendis. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi á árinu 2015 og hlaut alþjóðlega vottun frá

International Association of Privacy Professionals á árinu 2018. Að loknu lagaprófi hóf hann störf sem löglærður fulltrúi og síðar lögmaður hjá lögmannsstofu til ágúst 2017, en í hlutastarfi síðasta árið meðfram námi. Frá september 2017 til-loka október 2019 starfaði umsækjandinn sem aðstoðarmaður dómara við EFTA-dómstólinn. Umsækjandinn hefur starfað við lagadeild Háskólans í Reykjavík frá júlí 2019, í nóvember 2019 fékk hann stöðu lektors við deildina og hlaut í september 2021 framgang í stöðu dósents en hann hefur sinnt því starfi í hlutastarfi frá því í apríl 2024. Aðalkennslugreinar hans hafa verið almenn lögfræði, sakamálaréttarfar og einkamálaréttarfar. Umsækjandinn hefur verið settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur frá og með 4. apríl 2024. Í febrúar 2023 var hann settur varadómari í einu máli við sama dómstól. Hann hefur ritað tvær ritrýndar fræðibækur, *Réttarfar Félagsdóms* sem kom út árið 2020 og *Skattaréttur: Meginreglur og málsmeðferð* sem kom út árið 2023. Einnig hefur hann skrifað 21 ritrýnda grein og bókakafla, þar af átta greinar með öðrum auk einnar óritrýndrar greinar ásamt meðhöfundi. Auk þess er hann meðhöfundur að kennsluriti í almennri lögfræði við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Jafnframt getur hann um ýmsa fyrirlestra og erindi sem hann hefur flutt hérlandis og erlendis um lögfræðileg efni. Árin 2017-2019 og 2021 sinnti umsækjandinn stundakennslu við lagadeild Háskóla Íslands og var leiðbeinandi BA-ritgerða við sömu deild 2018-2020. Hann sat í þriggja manna nefnd sem samdi nýjar réttarfarsreglur fyrir EFTA-dómstólinn 2017-2019 og sinnti ráðgjafastörfum meðfram kennslu öðrum störfum frá 2019 og þar til hann var settur héraðsdómari í apríl 2024. Hann gegndi störfum ritara kærunefndar útboðsmála 2020-2023, hefur setið í kærunefnd útlendingamála frá desember 2020 og sat í nefnd um dómarastörf frá febrúar 2021 til apríl 2024 þegar hann var settur héraðsdómari. Hann var skipaður varamaður varaformanns stjórnar Persónuverndar í júní 2020 en frá október 2021 til mars 2023 gegndi hann störfum varaformanns stjórnarinnar og tók þátt í afgreiðslu allra úrlausnar hennar á því tímabili. Hann hefur verið varamaður í áfrýjunarnefnd neytendamála frá október 2021 og í nóvember 2024 var umsækjandinn skipaður formaður nefndar til að meta lausn um stundarsakir en var áður varaformaður nefndarinnar frá desember 2022. Einnig hefur hann setið í nefndum og ráðum innan Háskólans í Reykjavík. Af öðrum aukastörfum má nefna að hann hefur setið í ritnefnd

og sinnt ritstjórastörfum, verið forstöðumaður Réttarfarsstofnunar Háskólangs í Reykjavík frá 2020, setið í stjórn Hins norræna félags um réttarfar frá 2022 og tekið sæti í sérfræðingahópi Þjóðaröryggisráðs.

5. Mat á hæfni umsækjenda

5.1. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi

Í 2. mgr. 29. gr. laga nr. 50/2016 er í sjö töluliðum mælt fyrir um þau almennu hæfisskilyrði sem umsækjendur um embætti héraðsdómara þurfa að uppfylla til að skipa megi þá í embættið. Meðal þessara skilyrða eru að umsækjandi sé svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu, sbr. 3. tölulið, hafi ekki sýnt af sér háttsemi, sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta, sbr. 5. tölulið, hafi lokið embættisprófi eða grunnnámi ásamt meistaraprófi í lögum, sbr. 6. tölulið og kafla 5.2 hér á eftir, og teljist vera hæfur til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegar þekkingar, sbr. 8. tölulið. Eins og áður greinir hefur ráðherra samkvæmt 3. gr. reglna nr. 970/2020 látið staðreyna að umsækjendurnir uppfylli öll þessi hæfisskilyrði.

Í 3. tölulið 4. gr. reglnanna kemur fram að við mat á almennri starfshæfni skuli dómnefnd líta til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá segir einnig að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Ennfremur er tekið fram í 5. tölulið 4. gr. að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð, bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Svo sem áður greinir var meðal annars áskilið í auglýsingu um dómaraeembættin að fram kæmu í umsóknum upplýsingar um two fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Þær umsagnir, sem nefndin aflaði hjá þessum umsagnaraðilum um störf umsækjenda og persónulega eiginleika þeirra, voru undantekningalaust jákvæðar í þeirra garð.

Af þessum umsögnum og athugunum nefndarinnar verður ráðið, eins og áður er fram komið, að allir umsækjendur uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verður til starfshæfni héraðsdómara samkvæmt 3. og 5. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020.

5.2. Menntun og framhaldsmenntun

Arndís Anna Kr. Gunnarsdóttir lauk BA-prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2007 og meistaraprófi árið 2009 frá sama skóla. Þá lauk hún L.L.M gráðu frá háskólanum í Leuven í Belgíu 2013 og lagði stund á doktorsnám við lagadeild Háskólans í Strassborg í Frakklandi á árunum 2017-2021 þar til hún tók sæti á Alþingi. Gerði hún þá hlé á doktorsnámi sinu og er því ólokið.

Jónas Þór Guðmundsson lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1995.

Sindri M. Stephensen lauk BA-prófi og síðan meistaraprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2014. Þá lauk hann Mag. jur. gráðu frá Oxford háskóla árið 2017 og útskrifaðist með diplóma í opinberri stjórnsýslu frá stjórnþálfraeðideild Háskóla Íslands árið 2019. Hann hefur einnig sótt ýmis námskeið hérlandis og erlendis.

5.2.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður

Að virtu því, sem að framan greinir, er það mat dómnefndar að *Arndís Anna* og *Sindri* standi fremst umsækjenda í þessum matsþætti en bæði hafa lokið viðbótarmeistaragráðu í lögfræði frá erlendum háskóla að loknu meistaraprófi í lögum frá Háskóla Íslands og stundað annað nám að því loknu. Þá kemur *Jónas Þór* sem hefur ekki lagt stund á framhaldsnám að loknu embættisprófi í lögum.

5.3. Reynsla af dómstörfum

Arndís Anna Kr. Gunnarsdóttir hefur ekki reynslu af dómstörfum.

Jónas Þór Guðmundsson hefur verið varadómandi við Endurupptökudóm frá því í mars 2023. Hann hefur tekið þátt í meðferð mála og farið með atkvæði í einu máli.

Sindri M. Stephensen hefur verið settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur í frá 4. apríl 2024. Auk þess var hann settur varadómari í einu máli við sama dómstól

2023 og gegndi störfum aðstoðarmanns dómara við EFTA-dómstólinn um tveggja ára skeið 2017-2019.

5.3.1. Reynsla af dómstörfum – samanburður

Samkvæmt framansögðu hafa tveir umsækjenda reynslu af dómstörfum. Ljóst er að *Sindri* stendur fremstur umsækjenda í þessum matsþætti og vegur þar þyngst að hann hefur nú verið settur héraðsdómari í tæpa tíu mánuði. Þar næst kemur *Jónas Þór*. *Arndís Anna* hefur sem fyrr segir ekki reynslu af slíkum störfum.

5.4. Re却nsla af lögmanns- og málflutningsstörfum

Arndís Anna Kr. Gunnarsdóttir öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi í maí 2010. Hún hóf störf sem fulltrúi á lögmannsstofu að loknu laganámi 2009 og starfaði þar til ársins 2011. Hún var sjálfstætt starfandi lögmaður til skamms tíma árin 2014 og 2021 og hefur starfað sem slíkur eftir að hún lauk setu á Alþingi seinni hluta árs 2024.

Jónas Þór Guðmundsson öðlaðist réttindi til málflutnings í héraði 1997 og fyrir Hæstarétti 2009. Hann öðlaðist löggildingu til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu árið 2015. Hann starfaði sem löglærður fulltrúi á lögmannsstofu um nokkurra mánaða skeið árið 1995 en hefur verið sjálfstætt starfandi lögmaður frá 1999. Á þeim tíma hefur hann flutt mál i héraði og fyrir Hæstarétti af flestum réttarsviðum, sér í lagi einkamál þótt hann hafi einnig komið að sakamálum. Þá sat hann einn í slitastjórn Landsvaka ehf. en slit á því félagi stóðu yfir í mörg ár.

Sindri M. Stephensen öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2015. Hann starfaði í fullu starfi á lögmannsstofu í rúm tvö ár á árunum 2014-2016 og í hlutastarfi í eitt ár til viðbótar. Á þeim tíma flutti hann 12 mál i héraði.

5.4.1. Re却nsla af lögmanns- og málflutningsstörfum – samanburður

Allir umsækjendur hafa fengist við lögmanns- og málflutningsstörf en í mislangan tíma. Við mat á umsækjendum í þessum matsþætti er litið til þess hve lengi þeir hafa starfað sem lögmann, þar á meðal hvort þeir hafi haft réttindi til flutnings mála fyrir æðri dómi. Einnig er horft til þess hvort umsækjendur hafi unnið sjálfstætt

að lögmannsstörfum, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 77/1998 um lögmann, hvort þeir hafi gert það samhliða öðrum störfum, hversu mörg mál þeir hafa flutt og hvort störfin hafi verið fjölbreytileg þannig að þeir hafi fengist við mál á sem flestum réttarsviðum eða einungis á afmörkuðum sviðum. Jafnframt skiptir máli hvort þeir hafi flutt vandasöm mál fyrir dómi, ekki síst Hæstarétti og Landsrétti, svo og hvort önnur mál, sem þeir hafa fengist við sem lögmann, hafi verið yfirgrípsmikil eða flókin úrlausnar. Reynolds af störfum umsækjenda á lögmannsstofum án þess að þeir hafi haft lögmannsréttindi vegur tiltölulega lítið í þessum þætti mats.

Samkvæmt framansögðu stendur *Jónas Þór* öðrum umsækjendum mun framan í þessum matsþætti en hann á að baki um 25 ára reynslu sem sjálfstætt starfandi lögmaður. Reynolds *Arndísar Önnu* og *Sindra* af málflutnings- og lögmannsstörfum er svípuð að mati dómnefndar og ekki ástæða til að gera upp á milli þeirra í þessum matsþætti.

5.5. Reynolds af stjórnsýslustörfum

Hér á eftir verða rakin helstu stjórnsýslustörf sem umsækjendur hafa haft með höndum.

Arndís Anna Kr. Gunnarsdóttir var staðgengill yfirlögfræðings á Barnaverndarstofu í eitt ár 2011. Í framhaldi af því starfaði hún sem sérfræðingur í útlendingamálum í innanríkisráðuneyti frá 2011-2012 og starfaði hjá Samgöngustofu í sex mánuði á árunum 2013-2014. Þá átti hún sæti í kærunefnd greiðsluaðlögunarmála árin 2010-2014.

Jónas Þór Guðmundsson var kennslustjóri við lagadeild Háskóla Íslands á árunum 1995-1997, starfaði sem lögfræðingur á lagasviði dóms- og kirkjumálaráðuneytis árin 1998-1999 og sat í kjararáði á árunum 2006-2018, þar af sem formaður 2014-2018. Þá var hann oddviti yfirkjörstjórnar Suðvesturkjördæmis 2007-2016 og átti sæti í almannavarnanefnd Hafnarfjarðar 2010-2014. Frá árinu 2021 hefur hann verið formaður matsnefndar samkvæmt lögum nr. 61/2001 um lax- og silungsveiði.

Sindri M. Stephensen hefur setið í kærunefnd útlendingamála frá desember 2020 og sat í nefnd um dómarastörf frá febrúar 2021 til apríl 2024. Hann hefur verið varamaður í áfrýjunarnefnd neytendamála frá október 2021 og tekið þátt í úrlausn

þriggja mála. Hann gegndi störfum varaformanns stjórnar Persónuverndar frá október 2021 til mars 2023 og tók þátt í afgreiðslu allra úrlausna hennar á því tímabili. Í nóvember 2024 var umsækjandinn skipaður formaður nefndar til að meta lausn embættismanna frá störfum um stundarsakir en hefur ekki fengið mál til afgreiðslu frá því að hann tók við formennsku nefndarinnar. Fram að því var hann varaformaður nefndarinnar frá desember 2022. Þá var hann ritari kærunefndar útboðsmála 2020-2023.

5.5.1. Reynsla af stjórnsýslustörfum – samanburður

Í þessum þætti hæfnismats hafa allir umsækjendur greint frá störfum sem geta falið í sér reynslu af stjórnsýslustörfum. Þegar þau viðfangsefni, sem hér um ræðir hafa verið innt af hendi samhliða aðalstarfi vega þau ekki eins þungt þegar hæfni á þessu sviði er metin. Við það mat skiptir enn fremur máli hvort störfin nýtast dómaraefni sérstaklega, sbr. 2. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020, svo sem seta í úrskurðarnefndum eða vinna fyrir þær. Eins og endranær verður litið til framan-greindra starfa og þeim gefið vægi eftir eðli sínu, umfangi og fjölbreytni. Jafnframt verður horft til lengdar starfstíma en einnig þess hversu langt er síðan störfin voru innt af hendi.

Jónas Þór hefur samkvæmt framansögðu lengsta starfsreynslu af stjórnsýslustörfum í aðalstarfi auk þess að hafa gegnt umfangsmiklum aukastörfum af því tagi. Hann stendur því öðrum umsækjendum framar í þessum matsþætti. Því næst kemur Arndís Anna og loks Sindri.

5.6. Reynsla af fræðistörfum o.fl.

5.6.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf

Arndís Anna Kr. Gunnarsdóttir var aðstoðarkennari í réttarheimspeki við Háskóla Íslands árið 2008 og gestakennari í flóttamannarétti við Háskólann í Reykjavík 2016-2021. Einnig hefur hún verið leiðbeinandi með meistararitgerðum og prófdómari við lagadeild Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri.

Jónas Þór Guðmundsson var stundakennari í almennri lögfræði og kröfurétti við lagadeild Háskóla Íslands 1995-2005, auk þess að vera settur prófdómari við hana. Þá var hann aðjúknt og kenndi kauparétt við lagadeild Háskólans í Reykjavík árin 2005-2012.

Sindri M. Stephensen hefur starfað við lagadeild Háskólans í Reykjavík frá júlí 2019, sem lektor frá nóvember 2019 og síðar sem dósent frá september 2021. Því starfi hefur hann gegnt sem hlutastarfi meðfram dómistörfum frá apríl 2024. Aðalkennslugreinar hans hafa verið almenn lögfræði, sakamálaréttarfar og einkamálaréttarfar. Árin 2017-2019 og 2021 sinnti umsækjandinn stundakennslu við lagadeild Háskóla Íslands og var leiðbeinandi BA-ritgerða við sömu deild 2018-2020.

5.6.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður

Samkvæmt framansögðu stendur *Sindri* fremstur umsækjenda á því sviði sem hér um ræðir en hann hefur haft kennslustörf að aðalstarfi um árabil. Því næst kemur *Jónas Þór* en hann hefur sinnt kennslustörfum í hlutastarfi á háskólastigi í um 17 ár. Loks kemur *Arndís Anna*.

5.6.2. Fræðibækur og -greinar o.fl.

Arndís Anna Kr. Gunnarsdóttir hefur skrifað þrjár ritrýndar greinar á sviði lögfræði og flutt fræðilega fyrirlestra, einkum á sviði mannréttinda, mannúðarréttar og flóttamannaréttar. Þá hefur hún skrifað eina óritrýnda grein.

Jónas Þór Guðmundsson hefur skrifað einn ritrýndan bókarkafla. Einnig hefur hann haldið fjölmarga fyrirlestra um lögfræðileg efni.

Sindri M. Stephensen hefur ritað tvær ritrýndar fræðibækur, *Réttarfar Félagsdóms* sem kom út árið 2020 og *Skattaréttur: Meginreglur og málsméðferð* sem kom út á þessu ári. Einnig hefur hann skrifað 21 ritrýnda grein og bókakafla, þar af átta greinar með öðrum auk einnar óritrýndrar greinar ásamt meðhöfundi. Þá er hann meðhöfundur að kennsluriti í almennri lögfræði við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Jafnframt hefur hann flutt fyrirlestra og erindi hérlandis og erlendis um lögfræðileg efni. Hann hefur einnig sinnt ýmsum ritstjórnarstörfum og ber þar helst að nefna að

hann hefur verið ritstjóri Tímarits lögfræðinga frá 2024 og hefur ritrýnt fjölda fræðigreina og eina bók á sviði stjórnsýsluréttar.

5.6.2.1. Fræðibækur og -greinar o.fl. – samanburður

Í þessum þætti er lagt mat á hæfni umsækjenda á grundvelli fræðiskrifa þeirra, fyrst og fremst fræðigreina, og annarra skrifa um lögfræðileg efni. Við matið er litið til gæða þeirra, birtingarvettvangs og jafnframt til fjölda, umfangs og fjölbreytni, auk þess sem horft er til hvort hlutaðeigandi umsækjandi hafi ritað efnið eða í samvinnu við aðra. Þá er loks höfð hliðsjón af fyrillestrum, sem umsækjendur hafa flutt um lögfræðileg efni á ráðstefnum, fundum eða öðrum áþekkum vettvangi. Síðastnefndi þátturinn er þó tiltölulega léttvægur í samanburði við fræðiskrif.

Að þessu virtu stendur *Sindri* mun framar öðrum umsækjendum í þessum matsþætti. Því næst kemur *Arndís Anna* og loks *Jónas Þór*.

5.7. Reynsla af stjórnun

Arndís Anna Kr. Gunnarsdóttir var teymisstjóri þegar hún starfaði hjá Rauða krossi Íslands, var staðgengill yfirlögfræðings Barnaverndarstofu og rak um skamman tíma eigin lögmannsstofu.

Jónas Þór Guðmundsson hefur rekið eigin lögmannsstofu í um 25 ár, fyrst um sinn í samstarfi við aðra. Hann var oddviti yfirkjörstjórnar Suðvesturkjördæmis 2007-2016, formaður kjararáðs 2014-2018 og hefur frá árinu 2021 verið formaður matsnefndar samkvæmt lögum nr. 61/2001 um lax- og silungsveiði. Þá var hann formaður Lögmannafélags Íslands 2012-2015 og stjórnarformaður Landsvirkjunar árin 2014 -2024.

Sindri M. Stephensen hefur verið forstöðumaður Réttarfarsstofnunar Háskólans í Reykjavík frá árinu 2020 og gegndi störfum varaformanns stjórnar Persónuverndar frá október 2021 til mars 2023. Hann var skipaður formaður nefndar til að meta lausn embættismanna frá störfum um stundarsakir í nóvember 2024 og var áður varaformaður nefndarinnar frá desember 2022.

5.7.1. Reynsla af stjórnun – samanburður

Í þessum þætti kemur til skoðunar reynsla umsækjenda af margvíslegum viðfangsefnum sem eiga það öll sameiginlegt að hafa falið í sér stjórnun í einni eða annarri mynd. Við mat á hæfni umsækjenda er litið til þess í hverju slík störf hafa verið fólgin, þar á meðal hversu góður undirbúningur felst í þeim fyrir starf héraðsdómara. Þá skiptir sömuleiðis máli hve lengi umsækjendur hafa sinnt slíkum störfum.

Með skírskotun til þess sem að framan greinir stendur *Jónas Þór* mun framar öðrum umsækjendum í þessum matsþætti. Á eftir honum kemur *Sindri* og þá *Arndís Anna*.

5.8. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.

Hér á eftir verða rakin önnur helstu störf og verkefni, sem umsækjendur hafa fengist við og nýtast myndu þeim í dómaraembætti að mati dómnefndar, enda hafi þeirra ekki áður verið getið, svo sem í köflum 5.5. og 5.7. Einungis verða tekin til mats þau framlög sem umsækjendur hafa vísað til í umsóknum sínum eða eftir atvikum látið fylgja þeim.

Arndís Anna Kr. Gunnarsdóttir starfaði sem lögfræðingur hjá Rauða krossinum árin 2014-2020 og sá þá um réttindagæslu umsækjenda um alþjóðlega vernd. Hún var alþingismaður árin 2021-2024 og tók þátt í alþjóðastarfi í tengslum við setu á Alþingi. Samhliða doktorsnámi sínu starfaði hún sem aðstoðarmaður fulltrúa Alþingis á þingi Evrópuráðsins og formanns laga- og mannréttindanefndar Evrópuráðsþingsins 2018-2019. Þá hefur hún starfað við framkvæmd kosninga á Íslandi, í sveitastjórnarkosningum 2006 og 2014, forsetakosningum 2016 og 2020 og í alþingiskosningum 2016, 2017 og 2024. Árið 2023 fór hún til Úzbekistan á vegum utanríkisráðuneytisins og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu til að sinna kosningaeftirliti með forsetakosningum þar í landi.

Jónas Þór Guðmundsson hefur verið ritari ýmissa nefnda sem unnið hafa að endurskoðun laga auk þess sem hann var ritari refsiréttarnefndar árin 1998-1999. Hann var skipaður af viðskiptaráðherra í nefnd til að vinna að móturn lagaramma um rafrænar undirskriftir sem starfaði árin 1999-2000. Þá sat hann í stjórn Hollvinafélags lagadeildar Háskóla Íslands 1998-2001 og í stjórn Viðskiptaráðs Íslands 2020-2022.

Einnig átti hann sæti í stjórn Lögmannafélags Íslands 2010-2015, þar af síðustu þrjú árin sem formaður.

Sindri M. Stephensen sat í þriggja manna nefnd sem samdi nýjar réttarfarsreglur fyrir EFTA-dómstólinn 2017-2019 og kom að samningu og samþykkti reglur um málsmeðferð Persónuverndar frá 21. október 2021. Auk þess kom hann að samningu og samþykkti breytingar á reglum um aukastörf dómara. Hann hefur setið í stjórn Hins norræna félags um réttarfar frá árinu 2022 og tók sæti í sérfræðingahópi Þjóðaröryggisráðs í desember 2023. Hann hefur jafnframt setið í ýmsum nefndum og ráðum innan Háskólans í Reykjavík.

5.8.1. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraeftni o.fl. – samanburður

Eins og áður greinir koma einungis til álita við mat á hæfni umsækjenda í þessum þætti þau störf, sem ekki hafa verið felld undir aðra matsþætti, svo sem stjórnsýslustörf eða stjórnun, enda geti þau að mati dómnefndar varpað ljósi á hæfni þeirra til að gegna embætti héraðsdómara. Ef um er að ræða aðalstarf umsækjanda vegur það eðli máls samkvæmt þyngra en aukastörf sem innt eru af hendi samhliða öðrum störfum svo sem aðkoma starfsmanna ráðuneyta að gerð lagafrumvarpa.

Sé litið til starfa umsækjenda sem falla hér undir stendur *Arndís Anna* fremst í þessum þætti hæfnismats. Sé litið til starfa *Jónasar Þórs* og *Sindra*, sem falla hér undir og lagt heildstætt mat á þau, verður ekki gert upp á milli hæfni þeirra í þessum matshluta.

5.9. Sérstök starfshæfni

Í 4. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020 segir m.a. að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu. Einnig verði hann að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál, sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

Hvað þennan þátt mats varðar hafa umsækjendur greint frá störfum sem geta fallið hér undir. Að mati dómnefndar skiptir einkum máli, þegar lagt er mat á hvort umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu, hver sé reynsla hans af

dóms- og málflutningsstörfum og hvert sé framlag hans í formi kennslu og fræðiskrifa á sviði réttarfars sem og aðkoma hans að samningu lagafrumvarpa á því sviði.

Það er álit dómnefndar að allir umsækjendur hafi með námi sínu og störfum öðlast nægilegt vald á réttarfarsreglum til að geta sinnt störfum héraðsdómara. Með tilliti til þeirra starfa, sem umsækjendur hafa gegnt á liðnum árum, lítur dómnefnd eining svo á að þeir séu hæfir til að stjórna þinghöldum af röggsemi og sanngirni og muni afgreiða þau mál, sem þeim eru fengin, bæði skjótt og vel.

Það er því niðurstaða nefndarinnar að ekki séu efni til að gera upp á milli umsækjenda hvað þennan matsþátt varðar.

6. Færni umsækjenda til að semja dóma

Í 4. gr. reglna nr. 970/2020 er meðal annars vísað til þess að umsækjandi um embætti dómara þurfi að hafa til að bera almenna og viðtæka lögfræðilega þekkingu og máli skipti hvort hann hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi, svo og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Ennfremur að hann geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Eftir því sem umsækjandi hefur tileinkað sér betur þessi atriði, þeim mun færari er hann um að kveða upp dóm eða úrskurð í dómsmáli. Dómsúrlausnir hans og stjórnsýsluúrskurðir sem og málflutningsskjöl á borð við greinargerðir geta auk annars veitt vísbindingar um hversu vel hann er að sér þegar kemur að því að beita réttarheimildum og skyra lög sem við eiga hverju sinni. Af þeim verður ekki síður ályktað hversu auðvelt umsækjandi ætti með að reifa í stuttu máli og um leið með fullnægjandi hætti málsatvik og ágreiningsefni dómsmáls og komast síðan að vel rökstuddri niðurstöðu um sönnunar- og lagaatriði, sbr. d- og f-liði 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og d-, f- og g-liði 2. mgr. 183. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sbr. einnig dóma Hæstaréttar 19. desember 2017 í málum nr. 591/2017 og 592/2017. Hefur nefndin lagt áherslu á það sjónarmið í mati sínu að horfa til færni umsækjenda til að nýta lögfræðilega þekkingu sína og starfsreynslu við úrlausn dómsmála. Í samræmi við þetta hefur dómnefnd lagt sérstakt og rökstutt mat á færni hvers og eins umsækjenda til að semja dóma. Hefur

verið horft til þeirra framlaga sem fylgdu umsóknum þeirra og annarra gagna, sem aðgengileg eru, svo sem heimilt er samkvæmt 3. mgr. 5. gr. reglna nr. 970/2020.

Vegna þess að starfsreynsla umsækjenda er ólík innbyrðis hefur dómnefnd þurft að beita mismunandi aðferðum í þessum hluta matsins. Í tilviki eins umsækjanda voru metnar þjár fræðigreinar og ein úrlausn sjálfstæðrar úrskurðarnefndar. Í tilviki eins umsækjanda sem hefur stundað málflutning voru teknar til skoðunar ein stefna og tvær greinargerðir sem fylgdu umsóknargögnum auk þess sem nefndin kannaði með sjálfstæðum hætti hver urðu afdrif málanna fyrir dómi. Jafnframt voru metnar tvær úrlausnir sjálfstæðrar úrskurðarnefndar þar sem umsækjandinn var formaður. Voru dregnar rökstuddar ályktanir um færni umsækjandans af framangreindum framlögum til að semja dóma. Þá var í tilviki eins umsækjanda farið yfir sex dómsúrlausnir sem hann hefur samið, þar af tvær þar sem hann var formaður í fjölskipuðum dómi, og lagt mat á færni hans til að semja dóma á grundvelli þessara framlaga.

Við þennan hluta matsins var sjónum einkum beint að því hvernig umsækjendum hefur tekist að nýta þá lögfræðilegu þekkingu, sem þeir búa yfir, við að greina álitaefnin sem um var að ræða og eftir atvikum að leysa úr þeim. Þegar borin er saman færni einstakra umsækjenda til að semja dóma var jafnframt litið til þess hversu fjölbreytt lögfræðileg úrlausnarefnri þeir hafa fengist við, sér í lagi hin síðari ár, og hversu flókinri úrlausnar þau hafa verið. Loks hefur sem fyrr segir verið höfð hliðsjón af öðrum skrifum umsækjenda um lögfræðileg efni.

Niðurstaða þessa mats dómnefndar er að *Jónas Þór* og *Sindri* séu færastir umsækjenda til að semja dóma. Er það mat dómnefndar að umsækjandinn *Jónas Þór* hafi sýnt fram á færni að þessu leyti með þeim málflutningsskjölum sem tekin hafa verið til mats og starfsreynslu hans sem lögmaður um langt árabil á breiðu sviði lögfræðinnar auk starfa hans í sjálfstæðum úrskurðarnefndum innan stjórnsýslunnar. Þá er það jafnframt mat dómnefndar að *Sindri* hafi, einkum þegar horft er til þeirra dómsúrlausna sem metnar hafa verið og starfsreynslu að öðru leyti, svo sem við samningu fræðigreina, með sama hætti sýnt fram á færni til að semja dóma. Þykja þeir tveir því vera fremstir umsækjenda að þessu leyti.

7. Niðurstaða dómnefndar

Verkefni dómnefndar samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 er að taka afstöðu til þess hverjir umsækjenda séu hæfastir til að gegna þeim embættum héraðsdómara sem hér er fjallað um. Að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín samkvæmt 4. gr. reglna nr. 970/2020. Þau hljóta eðli máls samkvæmt að hafa ólikt vægi innbyrðis, en ekkert eitt þeirra getur ráðið úrslitum.

Niðurstaða dómnefndar er byggð á heildstæðu og, eftir því sem kostur er, hlutlægu mati á verðleikum umsækjenda og skiptir þar mestu máli að þeir hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni. Við mat á því að hve miklu leyti starfsreynsla umsækjenda nýtist í störfum héraðsdómara skiptir mestu máli að þeir búi yfir staðgóðri reynslu af dómstörfum, lögmanns- og málflutningsstörfum og þeim stjórnsýslustörfum sem lúta að úrlausn ágreiningsmála. Einnig hefur þýðingu hvort þau verkefni, sem umsækjendur hafa fengist við séu fjölbreytt svo sem hvort þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum. Þótt farsæl starfsreynsla gefi mikilsverðar vísbindingar um hæfni umsækjanda koma önnur atriði ekki síður til álita, þá einkum færni við lögfræðilega greiningu á álitamálum sem leysa þarf úr fyrir dómi.

Ef litið er til þeirra matsþátta sem fjallað er um í köflum 5.2. – 5.9. og þeir allir virtir í heild er það niðurstaða dómnefndar að *Jónas Þór Guðmundsson* standi fremstur umsækjenda í þeim matshluta. Við matið er ekki aðeins litið til þess hve þau störf sem umsækjendur hafa sinnt eru fjölbreytt heldur ekki síður hve verkefnin sem þeir hafa fengist við í sama starfi eru margbreytileg. Þá er það jafnframt álit dómnefndar, eins og gerð er grein fyrir í kafla 6, að *Jónas Þór Guðmundsson* og *Sindri M. Stephensen* hafi með framlögum sínum sýnt mesta færni umsækjenda til að semja dóma.

Að virtum löngum og fjölbreyttum starfsferli og með skírskotun til alls þess sem áður greinir og fram hefur komið meðal annars í viðtölum við umsækjendur og umsögnum um þá, er það niðurstaðan af heildstæðu mati dómnefndar að *Jónas Þór Guðmundsson* standi fremstur umsækjenda til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

Jónas Þór Guðmundsson öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir héraðsdómi árið 1997 og fyrir Hæstarétti árið 2009. Hann var fulltrúi á lögmannsstofu í nokkra mánuði árið 1995, var kennslustjóri við lagadeild Háskóla Íslands árin 1995-1997 og lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 1998-1999. Upp frá því hefur hann verið sjálfstætt starfandi lögmaður og flutt meðal annars dómsmál í héraði og fyrir Hæstarétti. Af öðrum störfum má nefna að hann átti sæti í kjararáði á árunum 2006-2018, þar af sem formaður ráðsins 2014-2018, var oddviti yfirkjörstjórnar Suðvesturkjördæmis 2007-2016 og sat í stjórn Lögmannafélags Íslands 2010-2015, þar af sem formaður félagsins 2012-2015. Árin 2014-2024 var hann stjórnarformaður Landsvirkjunar og frá 2022 formaður matsnefndar samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði. Þá hefur hann sinnt stundakennslu við lagadeildir Háskóla Íslands og Háskóla Reykjavíkur.

Ályktarorð:

Með skírskotun til 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla er það niðurstaða dómnefndar að Jónas Þór Guðmundsson sé hæfastur umsækjenda til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang við Héraðsdóm Reykjaness, sbr. auglýsingu 15. nóvember 2024.

Reykjavík, 27. janúar 2025

Ása Ólafsdóttir

Aðalheiður

Helga M. Óttarsdóttir
Helga Melkorka Óttarsdóttir

Kjartan Bjarni Bjorgvinsson
Kjartan Bjarni Björgvinsson

Reimur Pétursson
Reimar Pétursson

Pórgeir Örlygsson
Pórgeir Örlygsson